



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 27. ágúst 2019
R19080166
0800

Borgarráð

Heimsping kvenleiðtoga - ósk um afstöðu vegna nafnabreytingar

Vísað er til hjálagð erindis, dags. 21. ágúst 2019, frá framkvæmdastjóra Heimspings kvenleiðtoga þar sem óskað er eftir afstöðu borgarráðs til nafnabreytingar á enska heiti heimspingsins þannig að það beri nú nafnið Reykjavík Global Forum - Women Leaders.
Lagt er til að borgarráð fallist á nafnabreytingu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Bréf frá framkvæmdastjóra Heimspings kvenleiðtoga, dags. 21. ágúst 2019



Málsnr.: R19080166 Skjalasafn Ráðhúss
26. ágú. 2019
Bréfalykill: 0800

Borgarráð Reykjavíkur
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður

Reykjavík 21. ágúst 2019

Um leið og *Heimsping kvenleiðtoga* þakkar Reykjavíkurborg, borgarráði og borgarstjóra gott og farsælt samstarf á síðasta ári er óskað eftir umfjöllun og afstöðu borgarráðs til neðangreinds:

Hið árlega *Heimsping kvenleiðtoga*, í samstarfi Women Political Leaders, ríkisstjórnar Íslands og Alþingis, verður haldið næst í Hörpu dagana 18-20 nóvember nk. Á síðasta ári komu af þessu tilefni til Reykjavíkur um 500 kvenleiðtogar frá 80 löndum en þátttakendur eru úr stjórnámálum, viðskiptum, opinberri stjórnsýslu, listum, fjölmiðlum og víðar. Verndari Heimspingsins er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands en svokallaðir „co-chairs“ þessa árs eru auk Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra; Kolinda Grabar-Kitarovic, President of the Republic of Croatia; Tedros Adhanom Ghebreyesus, Director-General, World Health Organization (WHO); Anne-Birgitte Albrechtsen, CEO, Plan International; Christy Tanner, Executive Vice-President and General Manager of CBS News Digital; Gita Gopinath, Chief Economist, the IMF.

Þar sem *Heimsping kvenleiðtoga* er alþjóðlegur viðburður sem kynntur er oft og víða erlendis, hefur komið upp sú hugmynd að tengja viðburðinn með skýrara hætti við höfuðborg Íslands. Á ensku hefur heiti Heimspingsins verið; *Women Leaders Global Forum* en nú er lagt til að enska heitið yrði; *Reykjavík Global Forum - Women Leaders* sem myndi betur tryggja að viðburðurinn væri beintengdur þeim stað sem hann er haldinn á. Íslenska heitið *Heimsping kvenleiðtoga* yrði óbreytt þar sem Harpa, Reykjavík og Ísland er alltaf áberandi í kynningu.

Áður en lengra er haldið með þessa hugmynd óskar *Heimsping kvenleiðtoga* eftir afstöðu borgarráðs til þessa og hvort Reykjavíkurborg myndi samþykkja slíka breytingu á ensku heiti *Heimspings kvenleiðtoga*.

Virðingaryllst,

Dögg Thorsen
Framkvæmdastjóri Heimspings kvenleiðtoga